

**Nd.**

**445. Frumvarp til laga**

[223. mál]

um breyting á lögum nr. 30/1970, um Húsnæðismálastofnun ríkisins.

Fm.: Albert Guðmundsson.

**1. gr.**

Við 8. gr. laganna A-lið komi ný málsgrein, er hljóði svo:

Húsnæðismálastjórn hefur einnig heimild til að veita lán til byggingar vistheimila fyrir aldrað fólk, enda geti það eigi lengur búið á eigin heimilum og þarfnist umönnunar án þess þó að hafa þörf fyrir sjúkrahúsvist. Skal ráðherra með reglugerð setja ákvæði um fjárhæð slíkra lána, lánstíma og tryggingar þeirra.

**2. gr.**

Lög þessi öðlast þegar gildi.

**Greinargerð.**

Nú munu vera um það bil 10 ár liðin frá því að Alþingi veitti Húsnæðismálastofnun ríkisins fyrstu heimild til þess að veita lán úr Byggingarsjóði ríkisins til byggingar leiguíbúða fyrir aldrað fólk í elliheimilum og byggingum Öryrkjabandalags Íslands. Með núgildandi húsnæðismálalöggjöf, sem er að stofni til frá 1970 (nr. 30/1970), var sú heimild færð mjög út. Á grundvelli hennar hafa síðan verið veitt lán úr Byggingarsjóði ríkisins til byggingar 821 íbúðar, sem velflestar eru komnar í notkun í dvalarheimilum aldraðra og öryrkja um land allt, en enn eru þó nokkrar í byggingu. Þegar mun hafa verið varið um 1,5 milljörðum króna úr Byggingarsjóði ríkisins í þessu skyni og er fyrirsjáanlegt framhald á því.

Ljóst er, að margir þeirra, sem flust hafa og dveljast nú í ofangreindum íbúðum í dvalarheimilum aldraðra, geta varla búið þar og annast sjálfir allt sitt heimilishald þegar aldurinn færir meir yfir. Þeir, sem sjúkir eru, hljóta þá að fara á sjúkrahús, en hinir, sem frískir eru án þess að geta sakir ellihrumleika annast sitt heimilishald, verða í vandræðum. Hryggilegast er þá að búa þeim stað á vistheimilum þar sem þeir njóta verulegrar umönnunar jafnframt því sem þeir hafa aðstöðu til þess að bjarga sér sjálfir, eftir því sem kraftar og heilsa leyfir.

Vistheimili þau, sem hér um ræðir, eiga ekki að óbreyttum lögum kost á fjárframlögum úr ríkissjóði. Í þeim yrðu ekki íbúðir, heldur herbergi með eldunaraðstöðu, og því eiga þau heldur ekki kost á lánnum úr Byggingarsjóði ríkisins að óbreyttum lögum. Því er með tillögu þessari lagt til að húsnæðismálastjórn verði veitt heimild til þess að veita lán til bygginga af þessu tagi, sem telja má vist að bráðnaðsynlegt verði að koma á laggirnar um land allt á næstu árum.